Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 25. mars 2021.

F.h. Jóns Stefáns Hjaltalín
lögmanns,

Ingvar Rafn Hjaltalín lögfr.

(2021007112A

Útgáfud.: 31. mars 2021

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. mars 2021 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: **Frestdagur:** **Skiptafundur:**

María Lea 23. febrúar 2021 þriðjudaginn
Ævarsdóttir, 8. júní 2021,
kt. 281081-3659, kl. 14.30
Hjarðarhaga 36,
Reykjavík
2021007118)

Vilberg Hafsteinn 23. febrúar 2021 þriðjudaginn
Jónsson, 8. júní 2021,
kt. 101280-4389, kl. 15.15
Neshaga 5,
Reykjavík
2021007117)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 6, 400 Ísafirði, til Officio lögmannna.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á

skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 6, jarðhæð, Ísafirði, á ofangreindum tímum.
Komi ekkert fram um eignir í búnum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Ísafirði, 26. mars 2021.

Bragi Rúnar Axelsson
lögmaður.

(2021007116A

Útgáfud.: 31. mars 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
-----------	-------------	---------------

Óskar Ingvason ehf., kt. 660402-5430, Austurkór 44, Kópavogi 2021007120)	23. desember 2020	Þriðjudaginn 8. júní 2021, kl. 14.00
--	-------------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 6, 400 Ísafirði, Officio lögmanna.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 6, jarðhæð, Ísafirði, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 26. mars 2021.

Ingunn Ósk Magnúsdóttir
lögmaður.

(2021007119A

Útgáfud.: 6. apríl 2021

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23. mars 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
-----------	-------------	---------------

Glymur ehf., kt. 420115-0670, Bæjargili 22, Garðabæ 2021007529)	23. mars 2021	miðvikudaginn 16. júní 2021, kl. 10.30
---	---------------	--

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Fjarðargötu 11, 3. hæð, Hafnarfirði, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hafnarfirði, 25. mars 2021.

Stefán B.J. Gunnlaugsson
hrl.

(2021007528A

Útgáfud.: 31. mars 2021

Laus staða lögregluvarðstjóra - Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Við embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum er laus til umsóknar staða varðstjóra, sem hefur starfsstöð á Hólmavík. Skipað verður í stöðuna 15. maí nk. eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Um verkefni og ábyrgð lögregluvarðstjóraer vísað til 10. gr. reglugerðar nr. 1051/2006 um starfsstig innan lögreglu, þar sem fram kemur m.a. að varðstjóri skuli sinna löggæslustörfum og rannsóknnum mála. Hann hefur með höndum vaktstjórn samkvæmt varðskrá og stjórn einstakra verkefna eða hóps lögreglumanna við almenn löggæslustörf. Hann hefur og eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt.

Hæfnikröfur:

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Umsækjandi skal hafa starfað sem lögreglumaður í að minnsta kosti 2 ár frá því að hann lauk prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanámi.

Við stöðuveitinguna verður litið til hæfni umsækjanda, starfsaldurs, þekkingar, menntunar, starfsreynslu og kyns.

Góð staðarþekking og stjórnunarreynsla er kostur. Það er litið á það sem kost að viðkomandi hafi búsetu í næsta umhverfi starfsstöðvar. Færni í mannlegum samskiptum,

skipulagshæfileikar, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum eru mikilvægir eiginleikar.

Frekari upplýsingar um starfið:

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna.

Starfið er vaktavinna og starfshlutfall er 100%.

Umsóknum skal skilað til lögreglustjórans á Vestfjörðum, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður eða senda á netfangið umsoknVF@logreglan.is og ferilskrá fylgi með.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum eyðublöð.

Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2021.

Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til þess að sækja um.

Nánari upplýsingar veita Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn, í síma 444 0404 eða hlynur.snorrason@logreglan.is og Jónatan Guðbrandsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, í síma 444 0433 og netfagnid jg02@logreglan.is.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum,
Karl Ingi Vilbergsson.

(2021007115

Útgáfud.: 31. mars 2021

Skiptafundur - dánarbú

Dánarbú Guðrúnar Daniélsdóttur, f. 26.4.1885 og Þórarins Kjartanssonar, f. 25.11.1883.

Boðað er hér með til skiptafundar þann **20. apríl nk. kl. 16.00.** Umfjöllunarefni fundarins lítur að breyttri afstöðu skiptastjóra til kröfu nr. 1 í kröfuskra. Fer fundurinn fram á skrifstofu skiptastjóra að Lág múla 7 í Reykjavík.

Vakin er athygli á að mótmæli við breyttri afstöðu skiptastjóra til kröfu nr. 1 í kröfuskra þurfa að koma fram í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi þann 20. apríl nk., sbr. 1. og 3. mgr. 60. gr. laga nr. 20/1991.

Þess er vinsamlega óskað að staðfesting á móttöku bréfs þessa verði sent á netfang skiptastjóra, hrh@hrh.is, svo fljótt sem verða má og í síðasta lagi fyrir boðaðan skiptafund.

Halldór Reynir Halldórsson hrl.

(2021007104

Útgáfud.: 31. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. mars 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 20. maí 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

Prentaraland ehf.,
kt. 460608-1390,
Laugarnesvegi
Reykjavík

kr. 11.842.261

114,

Reykjavík, 18. mars 2021.

**Guðmundur Narfi
Magnússon lögmaður.**

(2021007101

Útgáfud.: 31. mars 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. nóvember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 1. febrúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Lýstar kröfur:

LP-verktak ehf.,
kt. 551012-1580,

Verðkröfur: kr. 55.397.
Forgangskröfur: kr. 694.683.
Almennar kröfur: kr.
15.731.519. Eftirstæðar
kröfur: 71.488.
Heildarfjárhæð lýstra krafna:
kr. 16.553.087

Reykjavík, 26. mars 2021.

F.h. Jónas Rafn Tómasson
lögmaður,
Baldvin Hugí Gíslason.

(2021007114

Útgáfud.: 6. apríl 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 11. nóvember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. mars 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Goodfood ehf,
kt. 490518-1420,
Dalbraut 6, Laugarvatni

Samtals var lýst kröfum að
fjárhæð kr. 10.856.368.

Reykjavík, 26. mars 2021.

**Trausti Ágúst
Hermannsson lögmaður.**

(2021007532

Útgáfud.: 6. apríl 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. maí 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 5. febrúar 2020 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Vogaröfl ehf.,
kt. 690102-2770,
Leirdal 16, Vpghm

kr. 12.812.748

Reykjavík, 24. febrúar 2021.

**Jónas Örn Jónasson
lögmaður.**

(2021007534

Útgáfud.: 31. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í samræmi við 1. og 2. málsgrein 40. greinar og 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 á 289. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss.

Tvær deiliskipulagsbreytingartillögur:

Skipulag Mána-, Vetrar- og Sunnubrautar.

Breyting á deiliskipulaginu „Deiliskipulagsbreyting við Egilsbraut 9“.

Bæjarstjórn samþykkti á 288. fundi sínum þann 25. febrúar síðastliðinn að auglýsa breytingu á deiliskipulaginu samkvæmt 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Þetta er gert til að tryggja aðkomu sem flestra að málinu og svo að auglýsa megi lóðir sem deiliskipulagið markar eftir úthlutunarreglum sveitarfélagsins.

Breyting á deiliskipulaginu „Deiliskipulag fyrir Lindarbæ í Ölfusi“ vegna lóðarinnar Lindarbær B.

Byggingarreitur á lóðinni er stækkaður til vesturs svo koma megi fyrir aðstöðuhúsi innan hennar. Við þetta hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar í allt að 0,16. Breytingin er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2010 - 2022.

Tillögurnar verða til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss frá 31. mars til 12. maí 2021. Frestur til að gera athugasemdir er frá 31. mars til 12. maí 2021. Athugasemdir sendist í tölvupósti á netfangið skipulag@olfus.is eða skriflega á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn.

Tvær skipulagslýsingar:

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsgerðar við Ingólfsfjall í Ölfusi.

Hugmyndir eru meðal annars um að marka lóðir fyrir 4 einbýlishús og 4 frístundahús á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags. Einnig er reitur á svæðinu skilgreindur sem verslunar og þjónustusvæði.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsgerðar fyrir Þórstaðanámu í Ingólfsfjalli í Ölfusi.

Fyrirhuguð er breyting á aðalskipulagi sem felur í sér nýja skilgreiningu á hámarks efnistökmagni, stækkun efnistökusvæðis og skilgreiningu á iðnaðarsvæði í námunni. Í deiliskipulagi sem mun ná yfir um 57 ha verður gert grein fyrir núverandi ástandi og fyrirhuguðum framkvæmdum. Settir verða fram skilmálar um landnotkun, aðstöðubýggingu, aðkomu og vernd náttúru- og menningarminja.

Skipulagslýsingarnar verða til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss frá 31. mars til 28. apríl 2021. Frestur til að gera athugasemdir er frá 31. mars til 28. apríl 2021. Athugasemdir sendist í tölvupósti á netfangið skipulag@olfus.is eða skriflega á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

(2021007085

Útgáfud.: 31. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Mosfellsbær

Deiliskipulagsbreyting 4. áfanga Helgafellshverfis.

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Helgafellshverfi, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umrætt landsvæði er nýtt íbúðasvæði suðaustast í Helgafellshverfi sunnan nýs Skammadalssvegar. Breytingin felur í sér að tæplega 1 ha. spilda sunnan Sauðhóls bætist við skipulagssvæðið. Íbúðum fjölgar um 10 í hverfinu ýmist sem einbýli eða íbúðir í fjölbýli. Fjölbýli nyrst breytast lítillaga. Hliðrun á nokkrum raðhúsum. Ný húsagerð einbýlis á tveimur hæðum skilgreind í greinargerð.

Minniháttar breytingar eru á flestum götum og gangstéttum. Gildandi skipulag var staðfest 29. apríl 2020.

Tillagan verður aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, mos.is/skipulagsauglysingar og á upplýsingatorgi, Þverholti 2, svo þeir sem vilja geta kynnt sér hana og gert athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda og merktar skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig má senda athugasemdir í tölvupósti á skipulag@mos.is.

Athugasemdafrestur er frá 1. apríl 2021 til og með 16. maí 2021.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

(2021007086)

Útgáfud.: 31. mars 2021

Auglýsing um skipulag - Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál:

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætla.

1. Hróarsholt spilda F1 L197221 - Malarnáma - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. mars 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar á lóð Hróarsholts spildu F1, L197221. Í breytingunni felst skilgreining á námu á viðkomandi svæði. Efnistakan tæki til um 2,4 ha svæðis þar sem ætlunin væri að vinna allt að 49.000 m³ af efni.

2. Sogsvirkjanir H20 og H22 - Breytt landnotkun - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir Sogsvirkjanir. Í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, falla stöðvarnar þrjár og háspennulína að þeim og frá undir landnotkun iðnaðarsvæðis. Innan aðalskipulagsbreytingar er reiknað með að svo verði áfram og þar verði einnig gerð grein fyrir opnum svæðum, stofnanasvæðum, íbúðarsvæðum, golfvelli, hverfisverndarsvæði og svæðum á náttúruuminjaskrá. Í aðalskipulagsbreytingunni er almenn stefna og markmið varðandi Sogsvirkjanir og umhverfi þeirra óbreytt frá núverandi aðalskipulagi, þar sem um er að ræða í meginatriðum nánari og nákvæmari útfærsla á því sem fyrir er á svæðunum.

3. Þórisstaðir land L220557 - Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars 2021 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar landbúnaðarsvæðis. Í breytingunni felst skilgreining á

verslunar- og þjónustusvæði í stað landbúnaðarsvæðis innan lóðar Þórisstaða land L220557. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum.

4. Námur og efnislosunarsvæði við Þórisós - Aðalskipulagsbreyting.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna námu og efnislosunarsvæðis við Þórisós. Í breytingunni felst skilgreining á fjórum nýjum efnistökusvæðum og einu efnislosunarsvæði í nágrenni við Þórisós.

5. Skálabrekka-Eystri L224848 - Breytt lega fristundasvæðis - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breytinga á legu fristundasvæðis í landi Skálabrekku-Eystri, L224848. Í breytingunni felst að skilgreindir fristundasvæðis flákar innan jarðarinnar Skálabrekku-Eystri L224848 eru sameinaðir í eitt samfellt svæði. Stærð svæðisins helst óbreytt.

6. Skálabrekka L170163 - Landbúnaðarsvæði í fristundasvæði - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar í landi Skálabrekku, L170163. Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar breytist í fristundasvæði.

7. Úthlíð 2 L167181 - Fristundasvæði í verslunar- og þjónustusvæði - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar í landi Úthlíðar, L167181. Í breytingunni felst skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði í stað fristundasvæðis á afmörkuðu svæði innan Úthlíðar 2 L167181.

8. Borg í Grímsnesi - Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar að Borg í Grímsnesi. Breytingin tilheyrir þéttbýlinu á Borg norðan Biskupstungnabrautar (nr. 35) og felur í sér að fella niður.

íbúðarsvæði (ÍB2) og breyta í útivistarsvæði (Ú7) og landbúnaðarland. Þá er blönduð byggð merkt A1/ÍB3 sameinað íbúðarbyggð merkt ÍB1 og afmarkað er nýtt svæði fyrir athafnasvæði merkt A1. Settir eru skýrari skilmálar fyrir aðra landnotkunarflokk og stærð svæða leiðrétt svo sem tjaldsvæði, iðnaðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir.

9. Breyting á skilmálum fyrir fristundasvæði - Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna breytinga á skilmálum aðalskipulags. Í tillögunni felst að breyting er gerð á lið

2.3.2 sem tekur til frístundabyggðar innan aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall frístundalóða.

Deiliskipulagsmál:

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

10. Skálabrekka-Eystri L224848 - Frístundasvæði F10 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2021 að kynna tillögu deiliskipulags að Skálabrekku-Eystri, L224848. Svæði sem um ræðir er um 38,6 ha að stærð og er gert ráð fyrir 28 frístundalóðum innan þess á stærðarbilinu 0,5-1 ha. Umrætt svæði er á hverfisverndarsvæði HV1 og er einnig sérstök vatnsvernd á svæðinu (lög nr. 85/2005). Hluti svæðisins er nú þegar í gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar skilgreindur sem frístundabyggð F(10). Aðkoma að svæðinu er um Þingvallaveg og aðkomuveg í gegnum land Skálabrekku. Samhliða er unnið að tillögu aðalskipulagsbreytingar.

11. Gunnbjarnarholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 24. mars 2021 að kynna skipulagslýsingu deiliskipulags sem tekur til verslunar- og þjónustusvæðis í landi Gunnbjarnarholts, VP8. Innan skipulagslýsingar kemur fram að gert er ráð fyrir uppbyggingu eldsneytisafgreiðslu, en einnig verði boðið upp á fjölbreyttari orkugjafa s.s. hraðhleðslustöð fyrir rafmagnsbíla. Þá verði gert ráð fyrir uppbyggingu þjónustubyggingar m.a. til veitingaafgreiðslu og upplýsinga/kynningamála.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

12. Geldingafell - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaskála að Geldingafelli. Á svæðinu eru alls 7 byggingar, ýmist fyrir starfsfólk og búnað vegna þjónustu vélsleðaferða á Langjökul. Aðkoma er af Kjalvegi um Skálpanesveg. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 50 manns. Einnig er gert ráð fyrir byggingum fyrir búnað vegna ferða á Langjökul. Stærð svæðisins er um 2 ha. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunnar um matsskyldu. Niðurstaða Skipulagsstofnunnar var sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

13. Árbúðir - Fjallaskáli - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til fjallaskála að Árbúðum. Á svæðinu eru alls 4 byggingar, ýmist fyrir gistingu og þjónustu, starfsfólk, salernisaðstöðu og hesthús. Til stendur að auka gisti- og veitingaaðstöðu fyrir allt að 70 manns. Stærð svæðis er um 2 ha. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunnar um matsskyldu. Niðurstaða Skipulagsstofnunnar var sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind

eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

14. Kelduland L228225; Vélaskemma; Íbúðarhús; Vegtenging; Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. mars 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags að Keldulandi, L228225 í Flóahreppi. Innan deiliskipulag er gert ráð fyrir heimild fyrir byggingu vélaskemmu og íbúðarhúsi auk þess sem lögð er til varanlegri vegtenging frá Þjóðvegi.

15. Vatnsholt 2 L166398 Hríuholt Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. mars 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags í landi Vatnsholts 2, L166398. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru lóðir og byggingarheimildir fyrir uppbyggingu allt að 15 íbúðarhúsaloða sem hver um sig er 10.000 fm að stærð. Nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint allt að 0,05. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði ÍB9 í aðalskipulagi Flóahrepps.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.asahreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>.

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1-11 eru í kynningu frá 31. mars 2021 til og með 23. apríl 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 23. apríl 2021. Deiliskipulagstillögur í liðum 12-15 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 31. mars 2021 til og með 14. maí 2021.

Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 14. maí 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi UTU.

(2021007088)

Útgáfud.: 31. mars 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefndi: Bjarni Sighvatsson, kt. 240387-2559, með skráð óþekkt heimili í útlöndum.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.164.310 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 136.487 frá 30. júní 2019 til 1. september 2019, en af kr. 367.262 frá þeim degi til 13. desember 2019, en af kr. 2.164.310 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-59139.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda sem hann tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-111362 þann 18. janúar 2010 upphaflega að fjárhæð kr. 1.989.006. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 442,1 stig sem sem er vísitala neysluverðs í júní 2017. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærra en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatílfelli. Námslok eru skráð hjá stefnda þann 29. júní 2017, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefnda færð á skuldabréf nr. G-111362, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 30. september 2019 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll samkvæmt skuldabréfi nr. G-111362 felld í gjalddaga þann 13. nóvember 2019.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð kr.
30. júní 2019	136.487
1. september 2019	230.775
Gjaldfelldar eftirst. 13. nóvember 2019	1.797.048
Eða alls kr. 2.164.310 sem er stefnufjárhæð þessa máls.	

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991, en stefndi er með skráð heimili í útlöndum hjá Þjóðskrá Íslands. Stefndi var talinn búa í Bandaríkjunum og var tvisvar reynt að birta fyrir honum þar án árangurs. Hefur stefnandi nú enga aðra kosti en að birta stefnu fyrir stefnda í Lögbirtingablaði.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-111362, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð

einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefndi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 1. júní 2021 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 23. mars 2021.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2021007107

Útgáfud.: 6. apríl 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Menntasjóður námsmanna,

kt. 710169-0989,

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Rafael Isabelluson, kt. 060991-3169, heimilisfang óþekkt, Póllandi.

Dómkröfur: Stefndi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 4.429.510 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 129.937 frá 1. mars 2017 til 1. mars 2018, af kr. 262.127 frá 1. mars 2018 til 1. mars 2019, af kr. 398.614 frá 1. mars 2019 til 1. september 2019, af kr. 569.546 frá 1. september 2019 til 1. mars 2020, af kr. 709.679 frá 1. mars 2020 til 1. september 2020, af kr. 1.005.534 frá 1. september 2020 til 26. nóvember 2020, af kr. 4.429.510 frá 26. nóvember 2020 til greiðsludags. Kröfunúmer: 1016-005172.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta

Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfrafa máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnanda á árunum 2012-2014. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndiaf því tilefni út skuldabréf nr. G-121386 þann 14. nóvember 2011 þar sem hann undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 29. júní 2014. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 3.878.997 krónum miðað við grunnvísitölu 421,0.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30. júní 2016 en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2017. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 26. október 2020 vegna verulegra vanskila stefnda en þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 1.005.534 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 3.423.976 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 485,1 og 1% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:
Gjaldfallnar afborganir dags. 1. mars 2017 kr. 129.937.

- dags. 1. mars 2018 kr. 132.190.

- dags. 1. mars 2019 kr. 136.487.

- dags. 1. september 2019 kr. 170.932.

- dags. 1. mars 2020 kr. 140.133.

- dags. 1. september 2020 kr. 295.855.

Samtals kr. 1.005.534.

Gjaldfallnar eftirst. kr. 3.423.976.

Samtals eftirst. kr. 4.429.510.

Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi er með lögheimili í Póllandi skv. Þjóðskrá Íslands en samkvæmt erlendum innheimtuaðila og Utanríkisráðuneytinu er ekki möguleiki á að aðstoða við leit

af heimilisfangi aðila í Póllandi nema að hafa afrit af vegabréfi stefnda undir höndum. Stefnandi hefur ekki afrit af vegabréfi stefnda og því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefina reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

Stefna.

Skrá.

Frumrit skuldabréfs nr. G-121386.

Yfirlit yfir útborganir lánsins.

Upplýsingar um námslok.

Yfirlit yfir greiðslustöðu láns.

Yfirlit yfir eftirstöðvar láns.

Innheimtuviðvörðun.

Innheimtubréf.

Tilkynning um gjaldfellingu.

Tölvupóstur við erlendan innheimtuaðila vegna birtingar í Póllandi.

Tölvupóstur frá Utanríkisráðuneytinu vegna birtingar í Póllandi.

Tölvupóstur stefnanda varðandi afrit vegabréfs stefnda.

Útprintun úr Þjóðskrá Íslands

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefnda til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 20. maí 2021, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður

Reykjavík, 8. mars 2021.
F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2021007530

Útgáfud.: 31. mars 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 30. mars 2021 í máli L-1475/2021/2020, var Kristinn Pálsson, kt. 300835-2959, sviptur fjárræði í þrjú ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 30. mars 2021.
Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari.

(2021007083

Útgáfud.: 31. mars 2021

Svipting fjárræðis og sjálfræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 30. mars 2021 í máli L-1768/2021 var Baldur Örn Magnússon, kt. 121193-2489, sviptur fjárræði tímabundið í sex mánuði.

Héraðsdómi Reykjavíkur,
Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari.

(2021007084

Útgáfud.: 31. mars 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 29. mars 2021 í máli L-1543/2021, var Aron, áður Dagný Lind Jakobsdóttir, kt. 200787-2269, sviptur fjárræði tímabundið í 1 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 29. mars 2021.
Björn L. Bergsson héraðsdómari.

(2021007091

Útgáfud.: 31. mars 2021

Auglýsing um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda.

Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið lágmarksverð á mjólk til framleiðenda:

Lágmarksverð kr. pr. ltr.

Greiðsla frá afurðastöð* 101,53

* Greiðsla miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi.

Lágmarksverðið gildir frá og með 1. apríl 2021.

Reykjavík, 29. mars 2021.
F. h. n.
Friðrik Már Baldursson formaður.

(2021007089

Útgáfud.: 31. mars 2021

Auglýsing um heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum 1. apríl 2021

Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum sem hér segir:

Vörutegund	Heildsöluverð kr. án VSK
Mjólk í lausu máli	127
Mjólk í lausu máli - ógerilsneydd	114,31
Mjólk í 1/1 ltr. fernum	146
Mjólk í 1/4 ltr. fernum	42
Mjólk í 10 ltr. kössum	1.453
Rjómi í lausu máli	1.001
Rjómi í 1/1 ltr. fernum	1.015
Rjómi í 1/2 ltr. fernum	511
Rjómi í 1/4 ltr. fernum	260
Undanrenna í 1/1 ltr. fernum	137
Skyr, pakkað eða ópakkað	409
1. flokks mjólkurbússmjör	1.039
Ostur 45%	1.435
Ostur 45% í heilum stykkjum	1.435
Ostur 45% í hálfum stykkjum	1.435
Ostur 30%	1.347
Ostur 30% í heilum stykkjum	1.347
Ostur 30% í hálfum stykkjum	1.347
Nýmjólkurduft	1.285
*Nýmjólkurduft til matvælavinnslu	623
Undanrennuduft	716
*Undanrennuduft til matvælavinnslu	608

** Nýmjólkur- og undanrennuduft til matvælavinnslu iðnfyrirtækja annarra en þeirra sem framleiða mjólkurvörur.*

Reykjavík, 29. mars 2021.
Verðlagsnefnd búvara.

(2021007092

Lögbirtingablað,
13. tölublað 2021.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,
Kristín Þórðardóttir.